

# **Starfsmannafélag ríkisstofnana og Hjartavernd gera með sér eftirfarandi samkomulag um nánari forsendur og reglur um röðun starfa við stofnunina skv. ákvæðum í kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 24. apríl 1997.**

(með breytingum frá 4. júlí 2001)

## **1. Gildissvið**

Samkomulag þetta nær til félagsmanna í SFR sem starfa hjá Hjartavernd.

## **2. Starfaflokkar**

Launakerfi stofnunarinnar byggir á eftirfarandi starfaflokkum hjá félagsmönnum Starfsmannafélags ríkisstofnana.

### **2.1 Símvörður og móttökuritari**

Starfið felst í símvörslu, skráningu tímapantana, móttöku gesta, upplýsingagjöf og leiðbeiningum til gesta Hjartaverndar.

### **2.2 Aðstoðarmaður**

Starfið felst í að taka hjartalínurit og sinna ýmsum störfum við móttöku gesta í rannsókn.

### **2.3 Móttökufulltrúi**

Starfið felst í umsjón með tímapöntunum, símvörslu og móttöku, upplýsingagjöf og leiðbeiningum til gesta Hjartaverndar. Starfsmaður skal geta leiðbeint og stýrt starfsmönnum.

### **2.4 Læknaritari**

Starfið felst í að annast allar bréfaskriftir Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar, rita læknabréf, skýrslur og greinar í innlend og erlend lækna tímarit. Enn fremur að sjá um útsendingu sjúkraskýrslna til heimilis- og heilsugæslulækna, skjalavörslu, umsjá með tölvupósti og afritatöku af nettlövu.

### **2.5 Ritari**

Starfið felst í að fara yfir spurningalista með þeim sem koma í skoðun á Rannsóknarstöðina og leiðbeina eftir þörfum og sinna þeim störfum sem því tengjast.

### **2.6 Rannsóknarfulltrúi**

Starfið felst í skráningu kransæðastíflu skv. skilmerkjum MONICA rannsóknar eftir handbók WHO og öllu sem því fylgir.

## **3. Grunnröðun í launaramma og launaflokka**

Við upphaf starfs skal taka tillit til eðlis starfsins og starfsmanni raðað í ramma í samræmi við það. Eftirfarandi launarammar skulu vera grunnröðun fyrir hvern starfaflokk:

<b>Starfaflokkur</b>	<b>Rammi</b>	<b>Launaflokkur</b>
Símværðir og móttökuritarar	A	A14
Ritari/aðstoðarmaður	B	B8
Móttökufulltrúi	B	B12

Læknaritari	B	B13
Rannsóknarfulltrúi	C	C11

#### 4. Viðbótarforsendur við röðun í launaflokka

##### 4.1 Starfsreynsla

Starfsmaður, sem er í starfi sem raðast í launaramma A, B, C og D og hefur öðlast starfsreynslu hjá stofnuninni, skal hækka um launaflokka skv. neðanskráðu. Jafnframt skal meta starfsreynslu hjá öðrum ef hún nýtist í starfi og er því talin starfsreynsla hjá stofnuninni að hluta eða öllu leyti.

Starfsmaður með eins árs starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk  
 Starfsmaður með 2ja ára starfsreynslu skal hækka um 2 launaflokka  
 Starfsmaður með 4ra ára starfsreynslu skal hækka um 4 launaflokka

##### 4.2 Starfsnám/símenntun

Starfsmaður, sem lokið hefur starfsnámi/námskeiðum sem nýtast í starfi, skal hækka um launaflokka sem hér segir:

Starfsmaður sem lokið hefur 60 kennslust. hækki um 1 lfl.  
 Starfsmaður sem lokið hefur 120 kennslust. hækki um 2 lfl.  
 Starfsmaður sem lokið hefur 200 kennslust. hækki um 3 lfl.

##### 4.3 Annað

Heimilt er að hækka starfsmann um launaflokka ef starf eða starfsmaður uppfyllir einhverja af neðangreindum forsendum. Hjartavernd skal hafa í sinni vörslu skrifleg rök sem liggja að baki hækkun á launaflokkum samkvæmt þessum lið.

Starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið  
 Starfið felur í sér flókin verkefni  
 Starfinu fylgir kennsla eða leiðbeining annarra starfsmanna  
 Starfsmaður hefur menntun sem nýtist í starfi en ekki hefur verið tekið tillit til við grunnröðun  
 Starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi  
 Starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi

#### 5. Endurskoðun

Vinnustaðurinn skal endurskoðaður í heild sinni eigi síðar en í nóvember 2002 með tilliti til þeirra breytinga á starfsemi Hjartaverndar, sem í vændum er.

Reykjavík, 4. júlí 2001

F.h. Starfsmannafélags ríkisstofnana  
 (Sign.)

F.h. Hjartaverndar  
 (Sign.)